

## Fundargerð 21. fundar ferðamálaráðs

Fundur haldinn föstudaginn 24. október 2008, kl. 8:30 í iðnaðarráðuneytinu.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Dagur B. Eggertsson, Helgi Már Björgvinsson, Jón Ásbergsson, Pétur Rafnsson og Sævar Skaptason. Einnig áheyrnarfulltrúarnir Helga Haraldsdóttir og Ólöf Ýrr Atladóttir.

Forföll boðuðu: Dóra Magnúsdóttir og Einar Karl Haraldsson. Gunnar Sigurðsson var fjarverandi. - Helga Haraldsdóttir ritaði fundargerð.

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Fjármögnun almennagæða. Staða málsins.
3. Tónlistar- og ráðstefnuhús. Staða verkefnisins.
4. Ferðaþjónustan – eitt mikilvægasta sóknarfærið í núverandi stöðu.
5. Tillögur ferðamálaráðs.
6. Önnur mál.

#### 1. Fundargerð 20. fundar samþykkt.

#### 2. Fjármögnun almennagæða.

Formaður bauð Ragnheiði Snorradóttur lögfræðing velkomna á fundinn en hún vinnur að gerð frumvarps um fjármögnun almennagæða. RS kynnti þær þrjár leiðir sem eru til skoðunar:

##### *1. Innheimt gjald af öllum ferðamönnum frá Íslandi.*

Gert er ráð fyrir að lagt verði á 400 kr. almennagæðagjald, á hvern farþega um leið og hann fer frá landinu hvort sem er með flugi eða skipi. Flugmálastjórn hafi umsjón með innheimtu gjaldsins fyrir brottför loftfars, en innheimtumenn ríkissjóðs hafi umsjón með gjaldtöku ferðamanna sem ferðast með skipum. Gjaldið yrði ákveðið um leið og afhent er farþegaskrá til viðkomandi eftirlitsaðila.<sup>1</sup>

##### *2. Innheimt gjald af öllum atvinnurekendum á Íslandi.*

Hér er gert ráð fyrir að innheimt verði sérstakt almennagæðagjald 0,05% sem lagt verði á gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds. Um álagningu og innheimtu gjaldsins fer eftir ákvæðum laga um tryggingagjald. Þetta þýðir að gjaldskyldir aðilar eru allir atvinnurekendur sem greiða laun.

##### *3. Innheimt gjald af þröngri hópi atvinnurekenda sem kemur að ferðaþjónustu.*

Hér er lagt til að lagt verði á almennagæðagjald á tiltekna atvinnugreinar sem eru starfandi í ferðaþjónustu. Gjaldstofninn er bruttótekjur viðkomandi fyrirtækis sem fellur undir atvinnugreinina.

Miklar umræður urðu um tillögurnar – kosti og galla hvorrar leiðar og m.a. farið yfir til hvaða verkefna þessir fjármunir myndu fara, samspil við umhverfisyfirvöld og ábyrgð ferðaþjónustunnar á umhverfismálum.

Að umræðunni lokinni var ákveðið að upplýsa ráðherra um þær efasemdir sem fram komu en HMB, fulltrúi SAF, lagði áherslu á að fjölgun ferðamanna hefði í för með sér auknar tekjur ríkissjóðs og því eðlilegt að hann fjármagnaði almennagæði án þess að til sérstakrar skattheimtu kæmi. Að öðru leyti taldi hann leið tvö helst færa. Fleiri ráðsmenn tóku undir þessi sjónarmið að sú leið væri líklega auðveldust.

### **3. Tónlistar- og ráðstefnuhús. Staða verkefnisins.**

SK sem situr í stjórn Austurhafnar upplýsti að unnið væri að því að tryggja að verkefnið stöðvaðist ekki. Þó sé ljóst að um seinkun á opnun hússins verði að ræða.

Var óskað eftir því að formaður gerði tillögu að hvatningu ráðsins til ráðherra og stjórn Austurhafnar um þýðingu verkefnisins fyrir íslenska ferðaþjónustu. Málið verður aftur tekið upp á næsta fundi ráðsins.

### **4. Ferðaþjónustan – eitt mikilvægasta sóknarfærið í núverandi stöðu.**

Málið var rætt vítt og breitt og samþykkt að senda ráðherra þessa ályktun:

**24. október 2008**

**Til Össurar Skarphéðinssonar, iðnaðarráðherra**

**Frá ferðamálaráði**

Í ljósi þeirrar erfiðu stöðu sem blasir við í íslensku efnahagslífi um þessar mundir, vill ferðamálaráð beina þeirri eindregnu áskorun til ráðherra ferðamála að hann beiti sér fyrir því að efling ferðaþjónustu verði eitt af lykilverkefnum í uppbyggingu íslensks atvinnulífs og ímyndar.

Ferðaþjónustan hefur ávallt verið í fararbroddi í almennri kynningu á Íslandi og því er eðlilegt að horft verði til hennar á næstunni þegar ríður á að bæta orðspor Íslands. Ferðaþjónustan er jafnframt gríðarlega mikilvægur drifkraftur í byggðum landsins og er ein besta og hagkvæmasta leiðin til að fjölga störfum og auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar.

Um leið og ferðamálaráð fagnar því að ráðherra hafi beitt sér fyrir því að aukið fjármagn var lagt til markaðssetningar Íslands nú á haustdögum og að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009 sé meira fé en á þessu ári til markaðssóknar – er minnt á fyrri tillögur ráðsins um fjármögnun á kynningarstarfi Íslands og uppbyggingu innviða greinarinnar.

Því leggur ferðamálaráð til að:

- Fjárfesting í markaðssetningu og kynningu á Íslandi verði verulega aukin frá núverandi tillögu í fjárlögum og horft verði til náins samstarfs við fyrirtæki í greininni og í uppbyggingu á kynningar- og markaðsstarfi fyrir Íslands hönd til lengri tíma.
- Vinnu nefndar, sem hefur haft það hlutverk að vinna úr tillögum ímyndarnefndar forsætisráðherra, verði hraðað og Promote Iceland verkefninu verði komið í framkvæmd eigi síðar en um áramót. Tryggt verði að hagsmunir og sjónarmið ferðaþjónustunnar verði í forgrunni við undirbúning, útfærslu og framkvæmd þessa mikilvæga verkefnis.
- Uppbygging markaðsstofa um landið verði studd og starf þeirra eftl m.a. í samræmi við tillögur nefndar um endurskoðun ferðamála. Markmiðið sé að styrkja rekstrargrundvöll, samræma aðgerðir og stuðla að heildstæðum skilaboðum um Ísland sem áfangastað – innanlands og utan.
- Í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og fleiri verði settur kraftur í að auka nýsköpun og efla vörubróun í greininni t.d í menningar- og heilsutengdri ferðaþjónustu.
- Að komandi ferðamálaþing iðnaðarráðuneytisins verði nýtt til að koma þeim skilaboðum til landsmanna að í eflingu ferðaþjónustunnar felist einstök sóknarfæri fyrir íslenskt efnahagslíf.

### **5. Önnur mál.**

Óskað var eftir upplýsingum um markaðsherferð Ferðamálastofu á næsta fundi. Minnt var á afmælisráðstefnu SAF fimmtudaginn 6. nóv. n.k. á Hilton hóteli kl 13-17. Ferðamálaþing verður haldið á Grand Hotel fimmtudaginn 20. nóv. n.k. kl. 13-18.

Formaður sleit fundi kl. 10:00. Næsti fundur ferðamálaráðs verður haldinn á sama stað föstudaginn 14. nóv. 2008, kl. 8:30.